



BETRI
SAMGÖNGUR

Staða og framgangur verkefna

Júní 2021

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Fjárfestingar	5
2.1 Stofnvegir	5
2.1.1 Suðurlandsvegur: Bæjarháls - Vesturlandsvegur	5
2.1.2 Suðurlandsvegur: Norðlingavað – Bæjarháls	5
2.1.3 Vesturlandsvegur: Skarhólabraut – Langitangi	5
2.1.4 Vesturlandsvegur: Langitangi – Hafravatnsvegur	5
2.1.5 Reykjanesbraut: Kaldárselsvegur – Krýsuvíkurvegur	5
2.1.6 Reykjanesbraut: Álftanesvegur – Lækjargata	6
2.1.7 Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar	6
2.1.8 Arnarnesvegur - Breiðholtsbraut	6
2.1.9 Sæbrautarstokkur	6
2.1.10 Miklabrautarstokkur	6
2.1.11 Garðabæjarstokkur	6
2.2 Borgarlínan	6
2.2.1 Lota 1: Ártún - Hlemmur og Hlemmur – Hamraborg	6
2.2.2 Lota 2: Hamraborg – Lindir	7
2.2.3 Lota 3: Mjódd – BSÍ	7
2.2.4 Lota 4: Fjörður – Miklabraut	7
2.2.5 Lota 5: Ártún– Spöng	7
2.2.6 Lota 6: Ártún - Háholt	7
2.3 Virkir ferðamátar	7
2.3.1 Undirgögn við Hafnafjarðarveg í Garðabæ	7
2.3.2 Undirgögn við Hafravatnsveg í Mosfellsbæ	7
2.3.3 Undirgögn við Litluhlíð	8
2.3.4 Undirgögn við Bústaðaveg við Sprengisand	8
2.3.5 Bústaðavegur	8
2.3.6 Arnarneshæð	8
2.3.7 Hjóla- og göngustígar í Reykjavík	8
2.3.8 Hjóla- og göngustígar í Kópavogi	8
2.3.9 Hjóla- og göngustígar í Garðabæ	8
2.3.10 Hjóla- og göngustígar í Hafnarfirði	8
2.3.11 Hjóla- og göngustígar í Mosfellsbæ	9

2.4	Öryggi og flæði	9
3.	Innri mál.....	10
3.1	Fjármögnun	10
3.2	Skrifstofa.....	10
3.3	Mörkun og samskipti.....	10
3.4	Tryggingar.....	10
3.5	Hluthafafundir	11
3.6	Stjórnarfundir	11
3.7	Vinnudagur	11
3.8	Samráðsvettvangur	11

1. Inngangur

Í h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans segir að Betri samgöngur skuli skila hluthöfum sínum á a.m.k. sex mánaða fresti skýrslu um framgang verkefna og fjármál. Í grein 2.1 í hluthafasamkomulaginu um Betri samgöngur er mælt fyrir um stýrihóp sem skipaður sé forsætisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, borgarstjóranum í Reykjavíkur og formanni og varaformanni Samtaka sveitarfélaga í höfuðborgarsvæðinu (SSH). Tilgangur hans sé að tryggja upplýsingaflæði um framgang fjárfestinga og stefnumarkandi mál. Stýrihópurinn komi einnig að stefnumótandi ákvörðunum er varða fyrirtækið og koma til meðferðar Alþingis og sveitarfélaganna. Í grein 4.3 í hluthafasamkomulaginu segir að stjórn skuli, að lágmarki á sex mánaða fresti, skila skýrslu til stýrihópsins um stöðu og framgang verkefna fyrirtækisins. Skýrsla þessi er gerð að þessu tilefni.

2. Fjárfestingar

Hinn 26. mars var undirritaður rammisamningur við Vegagerðina um framkvæmd verkefna Samgöngusáttmálans. Betri samgöngur munu fara með yfirumsjón og eigendaeftirlit með uppbyggingu samgöngumannvirkjanna gagnvart Vegagerðinni og tryggja fjármögnun verkefna í samræmi við samþykktir Alþingis og sveitarfélaga. Vegagerðin mun annast undirbúning, hönnun og verklegar framkvæmdir sem ráðist verður í og mun hafa samráð við viðkomandi sveitarfélög. Til að tryggja skilvirkni og gott samstarf aðila við undirbúning og framkvæmdir verða stofnaðar verkefnastofur eða verkefnateymi um einstök verkefni.

Fyrirtækið hefur hafið samtalið við sveitarfélögin um mörkun framkvæmda, þ.e. hvað fyrirtækið greiðir fyrir sem hluta af viðfangsefnum Samgöngusáttmálans og hvaða viðbótar framkvæmdir, búnað eða afurðir sveitarfélögin óska eftir og greiða fyrir samhliða viðfangsefnum sáttmálans.

2.1 Stofnvegir

2.1.1 Suðurlandsvegur: Bæjarháls - Vesturlandsvegur

Umfang: Breikkun í fjórar akreinar á um 1 km.

Staða: Að mestu lokið, aðeins er eftir frágangur steyptra mannvirkja og hliðarsvæða sem verði lokið í haust.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 655 m.kr., en áætlað er að endanlegur kostnaður verði 580 m.kr.

2.1.2 Suðurlandsvegur: Norðlingavað – Bæjarháls

Umfang: Breikkun í fjórar akreinar og aðskilnað akstursstefna.

Staða: Vinnu við frumdrög er að ljúka og mat á umhverfisáhrifum á að liggja fyrir í haust.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 1.670 m.kr.

2.1.3 Vesturlandsvegur: Skarhólabraut – Langitangi

Umfang: Breikkun úr 2+1 akreinum í 2+2 akreinar á um 1,1 km.

Staða: Að mestu lokið, aðeins er eftir frágangur steyptra mannvirkja og hliðarsvæða sem verði lokið í haust.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 870 m.kr., en áætlað er að endanlegur kostnaður verði 655 m.kr.

2.1.4 Vesturlandsvegur: Langitangi – Hafravatnsvegur

Umfang: Endurnýjun akbrauta og breikkun til að aðskilja akstursstefnur.

Staða: Verkhönnun er á lokametrunum og búist er við að framkvæmdin verði boðin út í haust.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 350-400 m.kr.

2.1.5 Reykjanesbraut: Kaldárselsvegur – Krýsuvíkurvegur

Umfang: Aðskilnaður akstursstefna á 3,2 km með tveimur akreinum í hvora átt.

Staða: Að mestu lokið, aðeins er eftir frágangur hliðarsvæða sem verði lokið í haust.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 2.678 m.kr., en áætlað er að endanlegur kostnaður verði 2.822 m.kr.

2.1.6 Reykjanesbraut: Álftanesvegur – Lækjargata

Umfang: Frumhönnun lausna með tveimur akreinum í hvora átt, mislægum gatnamótum og stokki auk frumathugunar á jarðgöngum.

Staða: Vinnu við valkostagreiningu á að ljúka sumarið 2021.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 4.900-8.300 m.kr. fyrir veg eða 15.500-20.000 m.kr. fyrir jarðgöng.

2.1.7 Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar

Umfang: Mislæg gatnamót.

Staða: Til eru frumdrög frá 2006 og 2007 en í þeim var ekki gert ráð fyrir Borgarlínunni.

Nálægð við Elliðaárdal flækir einnig málið. Vinna við frumskoðun er í gangi og má búast við tillögum að útfærslum um mitt þetta ár. Í kjölfarið þarf að fara í mat á umhverfisáhrifum sem getur tekið um tvö ár og svo forhönnun.

Kostnaður: Skv. Samgöngusáttmálanum er áætlaður kostnaður 1.100 m.kr.

2.1.8 Arnarnesvegur - Breiðholtsbraut

Umfang: Framlenging Arnarnesvegar að Breiðholtsbraut.

Staða: Hönnun á að ljúka í lok árs 2021. Ráðgert er að kynningarfundur verði haldinn um framkvæmdina og stöðu stofnvegaframkvæmda almennt 6. júlí.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 3.210 m.kr.

2.1.9 Sæbrautarstokkur

Umfang: Stokkur.

Staða: Vinnu við frumdrög er að ljúka.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun frumdraga hljóðar upp á 11-14.500 m.kr.

2.1.10 Miklabrautarstokkur

Umfang: Stokkur.

Staða: Vinnu við frumdrög hefst á þessu ári.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun frá 2017 hljóðar upp á 19.700 m.kr., en gera má ráð fyrir að kostnaður verði hærri.

2.1.11 Garðabæjarstokkur

Umfang: Hafnarfjarðarvegur settur í stokk.

Staða: Til eru frumdrög frá 2009 sem gera ekki ráð fyrir Borgarlínunni.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 10.200 m.kr.

2.2 Borgarlínan

2.2.1 Lota 1: Ártún - Hlemmur og Hlemmur – Hamraborg

Staða: Frumdrög voru kynnt 5. febrúar.

Undirbúningur: 2021-2023.

Framkvæmdir: 2022-2025.

Akstur hefst: Mitt ár 2025.

Kostnaður: 18.600 m.kr.

2.2.2 Lota 2: Hamraborg – Lindir

Staða: Vinna ekki hafin.
 Undirbúningur: 2021-2023.
 Framkvæmdir: 2024-2025.
 Akstur hefst: Ársbyrjun 2026.
 Kostnaður: 3.600 m.kr.

2.2.3 Lota 3: Mjódd – BSÍ

Staða: Vinna ekki hafin.
 Undirbúningur: 2021-2023.
 Framkvæmdir: 2024-2029.
 Akstur hefst: Mitt ár 2029.
 Kostnaður: 8.400 m.kr.

2.2.4 Lota 4: Fjörður – Miklabraut

Staða: Vinna ekki hafin.
 Undirbúningur: 2021-2026.
 Framkvæmdir: 2026-2030.
 Akstur hefst: Mitt ár 2030.
 Kostnaður: 9.400 m.kr.

2.2.5 Lota 5: Ártún– Spöng

Staða: Vinna ekki hafin.
 Undirbúningur: 2026-2029.
 Framkvæmdir: 2029-2031.
 Akstur hefst: Ársbyrjun 2032.
 Kostnaður: 5.300 m.kr.

2.2.6 Lota 6: Ártún - Háholt

Staða: Vinna ekki hafin.
 Undirbúningur: 2028-2031.
 Framkvæmdir: 2031-2033.
 Akstur hefst: Lok árs 2033.
 Kostnaður: 5.800 m.kr.

2.3 Virkir ferðamátar

2.3.1 Undirgögn við Hafnafjarðarveg í Garðabæ

Framkvæmdin: Undirgöng.
 Staða: Framkvæmd hafin.
 Kostnaður: Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 200 m.kr.

2.3.2 Undirgöng við Hafravatnsveg í Mosfellsbæ

Framkvæmdin: Undirgöng.
 Staða: Framkvæmd hafin.
 Kostnaður: Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 20 m.kr.

2.3.3 Undirgögn við Litluhlíð

Framkvæmdin: Undirgöng.

Staða: Framkvæmd hafin.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 200 m.kr.

2.3.4 Undirgögn við Bústaðaveg við Sprengisand

Framkvæmdin: Undirgöng.

Staða: Framkvæmd hafin.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 200 m.kr.

2.3.5 Bústaðavegur

Framkvæmdin: Breikkun brúar yfir Kringlumýrarbraut.

Staða: Í útboð.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 50 m.kr.

2.3.6 Arnarneshæð

Framkvæmdin: Undirgöng.

Staða: Frumdragavinna í gangi.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 170 m.kr.

2.3.7 Hjóla- og göngustígar í Reykjavík

Framkvæmdin: Stofnstígar.

Staða: Framkvæmdum er lokið við fjóra 1,7 km stíga og unnið með Reykjavíkurborg að framgangi frekari verkefna.

Kostnaður: 470 m.kr fyrir stíga sem er lokið.

2.3.8 Hjóla- og göngustígar í Kópavogi

Framkvæmdin: Stofnstígar.

Staða: Unnið er við framkvæmd stíga við Fíuhvammsveg.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 80 m.kr.

2.3.9 Hjóla- og göngustígar í Garðabæ

Framkvæmdin: Stofnstígar.

Staða: Búið að raða verkefnum niður og unnið með Garðabæ að framgangi verkefna.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 170 m.kr., en gera má ráð fyrir hærri kostnaði með auknu umfangi.

2.3.10 Hjóla- og göngustígar í Hafnarfirði

Framkvæmdin: Stofnstígar.

Staða: Undirbúningur í gangi fyrir breikkun á stíg meðfram Strandgötu.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 190 m.kr.

2.3.11 Hjóla- og göngustígar í Mosfellsbæ

Framkvæmdin: Stofnstígar

Staða: Varmá – Leirvogstunga (áfangar I og II) í framkvæmd.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 340 m.kr.

2.4 Öryggi og flæði

Vegagerðin og SSH lögðu í apríl fram aðgerðaáætlun í ljósastýringarmálum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækinu er ætlað að fjárfesta í tækjabúnaði fyrir ljóstastýringu. Taka þarf ákvörðun um hvort unnið verði áfram eftir núverandi umferðaljósakerfi eða hvort farnar verði nýjar leiðir. Unnið er að því að undirbyggja þá ákvarðanatöku. Til þess að hægt sé að taka ákvörðun þarf að liggja fyrir samanburður á kostnaði, tímalínu og árangri við báðar leiðirnar.

3. Innri mál

3.1 Fjármögnun

Viðræður hafa staðið yfir við hluthafana frá því í febrúar um fjármagnsskipan fyrirtækisins. Fyrirliggjandi eru lokadrög sem verða líklega undirrituð á næstu dögum. Skv. fyrirliggjandi drögum er gert ráð fyrir að hluthafarnir greiði framlög sín skv. Samgöngusáttmálanum til Betri samgangna sem bókfæri þau sem skuldbindingar gagnvart þeim. Þær kröfur verða svo greiddar með því að skila fjárfestingum til hluthafanna eftir því sem þeim vindur fram.

Gert er ráð fyrir að á hluthafafundi sem haldinn verði fyrir lok september verði hlutafé fyrirtækisins hækkað sem ríkið muni skrá sig fyrir með því að leggja til Keldnalandið. Fyrirtækið hefur þegar hafið samtal við Reykjavíkurborg um þróun landsins.

Fossar markaðir hf. hafa verið fyrirtækinu til ráðgjafar varðandi fjármögnun þess. Tillaga um fjármögnun fyrirtækisins hefur verið lögð fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti.

3.2 Skrifstofa

Fyrirtækið var stofnað 2. október. Í kjölfar þess auglýsti stjórn starf framkvæmdastjóra laust, var gengið frá ráðningarsamningi við Davíð Þorláksson lögfræðing og MBA á gamlársdag og hann kom til starfa 5. janúar. Skrifstofa félagsins opnaði í húsi Sjávarklasans, Grandagarði 16 hinn 1. febrúar. Daginn eftir kom Valur Árnason tímabundið til starfa sem sérfræðingur. Hinn 16. febrúar kom Þröstur Guðmundsson til starfa sem forstöðumaður verkefna og áætlana. Frá 1. september mun Þorsteinn R. Hermannsson koma tímabundið til starfa í eitt ár sem forstöðumaður samgangna.

3.3 Mörkun og samskipti

Í kjölfar verðkönnunar var samið við Aton.JL um mörkun fyrirtækisins og gerð vefs og annars efnis. Mörkun liggur fyrir og hefur verið opnaður bráðabirgðavefur með upplýsingum um starfsfólk og aðalfundinn. Fullbúinn vefur mun opna fljótlega þar sem verður hægt að nálgast greinargóða yfirsýn yfir verkefni Samgöngusáttmálans og aðra starfsemi fyrirtækisins.

Fjölmarginir aðilar hafa verið heimsóttir, eða þeim boðið í heimsókn, til að kynna þeim starfsemi fyrirtækisins, svo sem fjármála- og efnahagsráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneyti, Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnes, SSH, Strætó, Nýi Landspítalinn og KADECO. Auk kynningarfundar sem fyrirtækið stóð fyrir ásamt Vegagerðinni á frumdrögum fyrstu framkvæmdalotu Borgarlínunnar hafa framkvæmdastjóri og stjórnarformaður þekkt boð um að tala á fundum ýmsra aðila.

3.4 Tryggingar

Fyrirtækið réði Áhættulausnir til að ráðleggja sér varðandi hvaða tryggingar væru nauðsynlegar vegna starfseminnar og til að annast verðkönnun. Samið var við Sjóvá um brunatryggingu lausafjár og aukakostnaðartryggingu vegna skrifstofu fyrirtækisins, frjálsa ábyrgðartryggingu, ábyrgðartryggingu stjórnenda og stjórnarmanna (D&O) og persónutryggingar fyrir starfsmenn í samræmi við lög, kjara- og ráðningarsamninga.

3.5 Hluthafafundir

Hluthafafundur var haldinn 26. janúar þar sem stjórnarlaun voru ákveðin og heimilisfangi fyrirtækisins var breytt. Aðalfundur var haldinn 1. júlí þar sem venjuleg aðalfundarstörf voru á dagskrá.

3.6 Stjórnarfundir

Í lok júní hafði stjórn haldið 28 stjórnarfundum.

3.7 Vinnudagur

Stjórn og starfsfólk héldu vinnudag 18. mars þar sem fulltrúum Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu var boðið til rútuferðar þar sem helstu verkefni Samgöngusáttmálans voru skoðuð auk þess sem m.a. voru fluttar kynningar frá Artelia, hönnunarráðgjöfum Borgarlínunnar, stýrihóp um hjólréiðaaætlun Reykjavíkur, Athygli, Vegagerðinni og KVAN.

3.8 Samráðsvettvangur

Í 1. mgr. greinar 2.4.1 í hluthafasamkomulaginu segir að stjórn fyrirtækisins skuli hafa forgöngu um að koma samhæfingarhóp á laggirnar og skuli framkvæmdastjóri fyrirtækisins sitja í honum ásamt forstjóra Vegagerðarinnar, auk annarra sem tilnefndir eru af stjórn. Í 2. mgr. greinar 2.4.1 segir að framkvæmdastjóri fyrirtækisins veiti vinnu hópsins forstöðu. Í grein 2.4.1 segir að samhæfingarhópurinn hafi það hlutverk að halda uppi virku samtali á milli aðila Samgöngusáttmálans um samhæfingu skipulagsmála, útfærslu umfangsmikilla verkefna framkvæmdaáætlunarinnar og vera vettvangur til að leysa úr álitamálum sem komið geta upp við framkvæmd verkefna félagsins.

Stjórn stofnaði hópinn á fundi sínum 9. apríl og var fyrsti fundur hans haldinn 16. apríl. Hann mun hittast eftir þörfum, að jafnaði á hálfis árs fresti. Hópmeðlimir geti sent samstarfsfólk sitt á fundi í sinn stað eða tekið það með á fundi.

Hópurinn er skipaður eftirtöldum:

- Framkvæmdastjóra Betri samgangna ohf.
- Skrifstofustjóra skrifstofu samgangna í samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneyti
- Forstjóra Vegagerðarinnar
- Borgarstjóranum í Reykjavík
- Bæjarstjóranum í Kópavogi
- Bæjarstjóranum í Hafnarfirði
- Bæjarstjóranum í Garðabæ
- Bæjarstjóranum í Mosfellsbæ
- Bæjarstjóranum á Seltjarnarnesi
- Framkvæmdastjóra Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins
- Samgöngustjóra Reykjavíkurborgar



BETRI
SAMGÖNGUR

Grandagarður 16
101 Reykjavík

betrisamgongur.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026